



Samstarfsbraut LbhÍ og Menntaskóla Borgarfjarðar (MB)

LbhÍ og Menntaskóli Borgarfjarðar standa saman að námbraut þar sem nemandi útskrifast með stúdentspróf frá MB og búfræðipróf frá LbhÍ. Námið er góður undirbúningur fyrir frekari nám í náttúru- og búvísindum. Náms tíminn er fjögur ár og sækja nemendur nám á náttúrufræðibraut í MB í Borgarnesi í tvo vetur og svo nám á búfræðibraut LbhÍ á Hvanneyri í tvo vetur. Nemandi á sameiginlegri braut MB og LbhÍ þurfa að uppfylla þau inntökuskilyrði sem að LbhÍ setur m.a. varðandi reynslu af landbúnaðarstörfum. Nemendur þurfa sjálfir að sækja um nám á Hvanneyri að loknu tveggja ára námi í MB.

Markmið náttúrufræðibrautar – búfræðisvið

Að nemandi:

- hafi almenna og sértæka þekkingu á sviði raungreina
- sé vel undirbúinn fyrir háskólanám á sviði almennra náttúruvísinda, búvísinda og dýralækninga
- hafi þekkingu og færni til að takast á við búrekstur og alhliða landbúnaðarstörf, ekki síst á sviði rekstrar, bútækni, jarð- og búfjárræktar.
- þekki til og geti beitt vísindalegum vinnubrögðum í raungreinum

[Frekari upplýsingar á heimasíðu MB](#)